

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

10. mars 2014

**EFNI:** Umsögn um þingsályktunartillögu um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra

**Tilvísun:** Þingskjal 545 - 282. mál á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, svokölluð Villidýralög, mörkuðu tímamót fyrir 20 árum og lögðu grunninn að virkri þátttöku skotveiðimanna í stefnumótandi málum og fjármögnun vöktunar og rannsókna á villtum dýrum í gegnum veiðikortagjaldið og Veiðikortasjóð.

Á þessum 20 árum hafa átt sér stað margvíslegar breytingar á lífríkinu, sem hafa bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar, allt eftir því hvaða augum menn líta þessar breytingar. Aukin þekking og umræða, bæði innlend og alþjóðleg, hefur einnig leitt til betri skilnings á eðli veiða og áhrif nýtingar á afkomu villtra dýrastofna. Í ljósi þessa er rík ástæða til að endurskoða núverandi löggjöf.

SKOTVÍS átti fulltrúa í nefnd sem skipuð var 9. júlí 2010 af þáverandi umhverfisráðherra um endurskoðun Villidýralaganna og er þar af leiðandi vel kunnugt um innihald skýrslu sem nefndin skilaði af sér á vormánuðum 2013. SKOTVÍS er sammála tillögum nefndarinnar í meginatriðum ([sjá fyrirvara SKOTVÍS í viðauka við skýrslu nefndarinnar](#)) og styður þingsályktunartillöguna.

SKOTVÍS vekur athygli á að tillögur nefndarinnar fela í sér breytingu á umhverfi skotveiðimanna og annarra sem nýta villta dýrastofna. Í tillögunum er gert ráð fyrir auknum takmörkunum, undanþáguférlum og skyldum (af ýmsum ástæðum) sem getið er í skýrslunni, auk þess sem ríkari krafa er gerð um vöktun og rannsóknir til að rökstyðja undanþágur til nýtingar. Nauðsynlegt er að undirstrika þetta atriði, því meginreglan er sú að allir villtir fuglar og villt dýr eru friðuð nema það sé sérstaklega leyft og í því samhengi má heldur ekki líta framhjá því að tillögurnar leggja einnig til auknar skyldur á stjórnvöld og stofnanir. Mikilvægt er að líta á tillögurnar sem samhangandi heild og því eru tillögur þessar ekki raunhæfar nema gerð sé gangskör í málefnum vöktunar, rannsókna og uppbyggingu faglegar veiðistjórnunar með tilheyrandi, skipulagi, ferlum og samráði. Þetta atriði er gríðarlega mikilvægt, þannig að þeir sem beri skilgreinda ábyrgð á stefnumótun, innleiðingu og framkvæmd þessarra tillagna freistist ekki til að innleiða fyrirkomulag sem brýtur niður þessa heildarmynd.

Við vinnslu nýrra laga þarf að gera ráð fyrir annarri aðferð við veiðistjórnun en tíðkast hefur fram til þessa. SKOTVÍS hefur á undanförunum árum bent á [ýmislegt hvað það varðar](#), en kjarninn í málflutningi félagsins er að ný löggjöf styðji betur við

faglega veiðistjórnun með því að byggja í meira mæli á ráðgjöf veiðimanna og annarra sem búa yfir þekkingu á veiðum og framkvæmd þeirra.

Starf SKOTVÍS hefur stuðlað að betri vitund skotveiðimanna um þá þætti sem áhrif hafa á viðgang villtra dýrastofna og talað fyrir mikilvægi þess að nýta þekkingu skotveiðimanna við stjórnun villtra dýrastofna. Stefna félagsins miðar að því að eiga faglegt samstarf við stjórnvöld, stofnanir, fræðimenn og hagsmunaaðila sem hafa hagsmuni af því að hægt verði að nýta villtra dýrastofna til framtíðar og stóð m.a. fyrir [ráðstefnu 2013 í samstafi við UST um rannsóknir og veiðistjórnun](#), þar sem kom skýrt fram að lykillinn að velgengni á þessu sviði felst í trausti og samstarfi.

Gerð nýrra Villidýralaga er tímabært verkefni sem SKOTVÍS er tilbúið til að taka virkan þátt með það að markmiði að efla faglega veiðistjórnun á Íslandi í takt við það sem þekktist í öðrum löndum og þykir vel heppnað að fenginni reynslu.

Virðingafyllst,  
f.h. stjórnar SKOTVÍS  
***Elvar Árni Lund - formaður***